

Ágætu ráðstefnugestir,

Ég mun í erindi mínu fara í stuttu máli yfir stöðu smábátaútgærðar í dag, þær ógnanir sem eru í þeirra umhverfi og svara spurningunni um hvort ég telji rétt að sameina kerfin.

Ég mun ekki í þessu erindi taka afstöðu til tilveru strandveiðikerfisins og undanskil því það kerfi frá umræðu um sameiningu kerfa.

Smábátar kljást við mikinn vanda vegna langvarandi skorts á ýsuheimildum, mikillar ýsugengdar og mikils smáfisks á grunnslóð um allt vestanvert og norðanvert landið. Í dag þurfa bátarnir víða að sigla út fyrir ýsuslóðina, út á djúpslóð á togaraslóðir, með miklum tilkostnaði og oftast við erfið veðurskilyrði.

## **(glæra 2)**

Þessar nýju aðstæður kalla á öflugri, stærri og öruggari báta sem einnig gefa færi á betri aflameðferð. Það var því mikið framfaraskref þegar samþykkt fékkst til stækkunar smábáta í 15m og 30 tonn. Með þeirri stækkun var hægt að laga alla aðstöðu um borð, setja upp þvottakör og krapavélar og bæta þannig kælingu og meðferð aflans sem rímar við nútíma kröfur. Með þessari stækkun jókst einnig öryggi og

aðbúnaður starfsmanna um borð batnaði verulega m.a. með bættri hreinlætisaðstöðu og aðstöðu til hvíldar.

Það á því vel við það sem haft var eftir einum trillukarlinum að : Í dag er smábátur ekki lengur neinn smá bátur.

### **(glæra 3)**

En þó að bátarnir hafi stækkað þá býr smábátakerfið samt enn við það að mega eingöngu veiða á króka annaðhvort handfæri eða línu. Það gengur bara ekki lengur. Menn verða að hafa möguleika á að stunda veiðar með þeim veiðarfærum sem þeir kjósa á smábátum hvort heldur eru krókar, net eða jafnvel gildirur.

Það myndi létta mjög á umræddu ýsuvandamáli ef smábátar hefðu möguleika á að sækja sinn þorsk í net þegar þannig stendur á.

Önnur leið til að leysa ýsuvandamálið felst í að heimila smábátum að færa þorsk upp í stóra kerfið og fá ýsu niður. Það er semsagt hægt að leysa ýsuvandamálið með einföldum hætti. Með því að heimila smábátum að velja sín veiðarfæri og svo að fá leyfi til að flytja heimildir á milli kerfa. Fyrir þessu höfum við talað hjá Samtökum smærri útgerða en það er alveg stórmerkilegt að önnur hagsmunasamtök smábáta hafa barist gegn allri framþróun á þessu sviði . Þau hafa barist gegn stækkun smábáta og þar með þá gegn betri

aflameðferð og auknu öryggi sjómanna. Þau hafa barist gegn því að smábátar fái að velja sín veiðarfæri og ekki síst gegn því að smábátum sé heimilað að færa heimildir upp í stóra kerfið og fá heimildir í öðrum tegundum niður. Þetta er náttúrulega alveg með ólíkindum.

Það blasir við að við óbreyttar aðstæður og áframhaldandi ýsuvandamál má gera ráð fyrir því að beitningavélabátum fjölgi verulega í kerfinu og menn sæki í auknum mæli austur fyrir land til að forðast ýsuna með ófyrirséðum afleiðingum fyrir t.d. Vestfirði og Snæfellsnes.

### **(glæra 4)**

Aðalmálið í þessari umræðu allri er svo hagræðingin eða möguleikar á hagræðingu.

Í 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum er tekið fram að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Til að ná þessum markmiðum laganna er mikilvægt að fiskveiðistjórnunarkerfið sé nógu sveigjanlegt til þess að útgerðir geti hagrætt í rekstri og fengið sem mest verðmæti út úr leyfilegum fiskafla. Stjórnun fiskveiða þarf að gefa útgerðum færi á að laga stærð og samsetningu bótaflotans og

útgerð af mestu hagkvæmni. Því hagkvæmur rekstur er jafn mikilvægur í þessari atvinnugrein og öðrum atvinnugreinum á Íslandi.

Umræddur sveigjanleiki er vissulega til staðar í sjávarútvegi í dag að minnsta kosti í aflamarkskerfinu þar sem menn geta eins og sagt var hér að framan hagrætt í rekstri og lagað stærð og samsetningu fiskiflotans, sókn og útgerðarhætti af fyllstu hagkvæmni. Þar sem menn velja stærð báta sinna og þau veiðarfæri sem þeir nota miðað við hvert og hvernig þeir ætla að sækja sinn afla. Það sama má segja um flutning aflaheimilda, í aflamarkskerfinu hafa menn frelsi til þess að færa aflaheimildir bæði á milli báta og svo niður í litla kerfið.

Lítum svo á möguleika smábátakerfisins til hagkvæms reksturs og hagræðingar. Þeir möguleikar eru takmarkaðir enda býr smábátakerfið við það að mega ekki velja sín veiðarfæri og geta litlu ráðið um stærð bátanna sem þeir nota til að sækja sjóinn og flutningur aflaheimilda er óheimill frá krókaaflamarkskerfinu og upp í aflamarkskerfið nema að mjög takmörkuðu leyti. Það er algjörlega óásættanlegt að þessi hópur einn hópa innan sjávarútvegsins hafi ekki val um hvernig hann sækir fiskinn á sem hagkvæmastan hátt.

Það er varla að það standist stjórnarskrá að aflamarkshöfum sé mismunað með þessum hætti.

Þrátt fyrir þessa mismunun er það svo að sama skattlagning er á báðum kerfum. Það er sama auðlindagjald, veiðigjald og sérstakt veiðigjald í hvoru kerfinu sem er. Þessi skattlagning sem er veruleg og hvetur útgerðir til hagræðingar bitnar því

illa á smábátaútgerð sem hefur ekki mikla möguleika á hagræðingu vegna áðurnefndra reglna um veiðarfæri og báta. Það er aukin krafa um hagræðingu í sjávarútvegi til að sjávarútvegurinn geti greitt aukinn arð af auðlindinni. Það er því öllum til hagsbóta að smábátaútgerðinni verði gert kleift að hagræða í rekstri.

### **(glæra 5)**

En er tímabært að sameina kerfin? Já, ég tel svo vera, ég tel reyndar að það hafi verið tímabært árið 2001 þegar búið var að loka allt í kvóta. Ég tel að með sameiningu náum við að styrkja útgerðina í heild sinni.

Það er nú þannig í dag að við höfum hið almenna aflamarkskerfi og innan þess starfa fjölmörg skip bæði lítil og stór. Litlar útgerðir og stórar. Svo er það krókaaflamarkskerfið og þar eru í dag bæði lítil skip og stór og stórar og litlar útgerðir. Staðreyndin er sú að stórar og litlar útgerðir stærri og minni báta eiga langflesta hluti sameiginlega í hvaða kerfi sem þær standa.

Viljinn til að reka útgerðirnar með sóma og þar með þörfin fyrir hagræðingu er t.d. sameiginleg. Það er öllum ljóst að með tilkomu aflamarkskerfisins hafa orðið umtalsverðar breytingar á skipulagi sóknar. Handhöfum aflahlutdeilda í báðum kerfum, aflamarkskerfinu og krókaaflamarkskerfinu hefur fækkað. Það er eðlilegt að eigendum hlutdeilda fækki

með árunum. Sumir kjósa að hætta útgerð og selja sinn hlut og aðrar útgerðir sameinast í hagræðingarskyni. Þessi þróun hefur átt sér stað og mun halda áfram hvort sem kerfin verða sameinuð eða ekki. Sem dæmi má nefna að í dag er staðan í Bolungarvík þannig að þar sem áður var fullt af litlum útgerðum eru í dag nánast allur kvóti í eigu tveggja aðila.

Ég tel að við getum gert ráð fyrir aukinni samþjöppun kvóta á færri og stærri skip í báðum kerfum.

Ég tel að sameining kerfa myndi styrkja smábátaútgerðina sem fengi þar með möguleika til að sækja sinn kvóta með þeim veiðarfærum sem best henta hverju sinni. Sameining myndi líka einfalda mjög regluverkið. Allir sætu við sama borð, ein lög fyrir alla.

Við myndum öll njóta betri samkeppnisstöðu með gott starfsfólk og verðmætari störf.

Höfum í huga og það er mjög mikilvægt – að markmið okkar allra er að styrkja sjávarútveginn í heild sinni. Ég tel að sameining aflamarkskerfis og krókaafلامarkskerfis sé stórt skref til framtíðar öflugs sjávarútvegs á Íslandi.

**(glæra 6,7,8)**